



Starfsleyfi - drög

fyrir skotæfingasvæði

Nafn fyrirtækis: Skotfélag Akraness
Kennitala: 691294-6099
Nafn forsvarsmanns: Stefán Gísli Örlygsson

Heimilisfang: við Akrafjall
Póstnúmer: 300 Akranes
Netfang: skotakranes@gmail.com

Útgáfudagur leyfis: 6. maí 2023

Gildir til: 6. maí 2035

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma.

1. Almenn ákvæði

- 1.1 Notkun svæðisins er heimil milli kl. 10-22 alla daga á tímabilinu 1. maí til 15. júlí og frá kl. 10-21 alla daga á tímabilinu frá 16. júlí til 30. apríl. Heilbrigðisnefnd getur takmarkað opnunartíma enn frekar á gildistíma starfsleyfis t.d. ef í ljós koma atriði sem ekki lágu fyrir við útgáfu starfsleyfisins.
- 1.2 Leyfileg stærð skotfæra er mest cal. 308 á riffilskotbraut.
- 1.3 Æfingasvæðið skal vera snyrtilegt og öruggt fyrir félagsmenn og gesti. Grassvæði skulu hönnuð með vatnshalla, framræst og tryggja frárennsli frá æfingasvæðinu.
- 1.4 Greið aðkoma skal vera að æfingasvæðinu m.t.t. umferðar bíla og gangandi fólks. Góð lýsing skal vera á æfingasvæðinu.
- 1.5 Fara skal eftir þeim öryggisreglum sem gilda fyrir æfingasvæði skotfélaga og ber forsvarsmaður ábyrgð á að öryggisreglum og öðrum reglum félagsins sé framfylgt. Hann skal tryggja að mannvirki og svæði sé í samræmi við samþykka notkun í skipulagi. Öryggisreglur skulu vera sýnilegar iðkendum.
- 1.6 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og hægt er s.s. með notkun hljóðmana, veggja, klefa eða annarra hindrana. Skotið skal af rifflum innanhúss úr riffilhúsi eins og nánar er kveðið á um í 2. kafla.
- 1.7 Á æfingasvæðinu skal vera snyrtiaðstaða fyrir gesti sem tengd er viðurkenndri rotþró og siturlögn.
- 1.8 Á svæðinu skulu vera ílát fyrir skothylki og sorpílat sem tæma skal og hreinsa reglulega.
- 1.9 Tína skal upp skothylki og forhlöð reglulega og stefnt skal að því að minnka notkun blý haglaskota eins og mögulegt er.
- 1.10 Forsvarsmaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við starfsskilyrði heilbrigðisnefndar.
- 1.11 Fyrirhugaðar minni háttar breytingar á rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Verði um meiri háttar breytingu á rekstri að ræða, skal sótt um nýtt starfsleyfi. Starfsleyfið skal endurskoðað að jafnaði á 4 ára fresti.

2. Mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir hávaða frá starfseminni og auka öryggi

- 2.1 Riffilhús skal útbúið þannig s.s. með girðingum eða yfirskotvörn að komið sé í veg fyrir að iðkendur skjóti yfir manir. Skotlína sé með þessu afmörkuð og öryggi fólks eða búfænaðar í nágrenni tryggt. Lagfæringar og eða breytingar á mönum skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlit.
- 2.2 Einungis er heimilt að nota riffila með hljóðdeyfi á svæðinu.

- 2.3 Á svæðinu skal vera öryggismyndavélakerfi sem varðveitir upptöku þannig að unnt sé að vakta að reglur séu virtar um opnunartíma. Utan opnunartíma skal svæðið vera læst.
- 2.4 Aðeins er heimilt að nota haglaskot sem leyfileg eru í Skeet og Sporting skotgreinum. Notkun veiðiskota er bönnuð.

3. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Greinargerð með starfsleyfi.

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands barst þann 10. mars 2023 umsókn Skotfélags Akraness um endurnýjað starfsleyfi til reksturs skotæfingasvæðis. Umsækjandi fyrir hönd Skotfélags Akraness er Stefán Gísli Örlygsson formaður skotfélagsins. Fyrri leyfi var gefið út 5. maí 2021 og gildi í tvö ár eða til 5. maí 2023. Skotæfingasvæðið er staðsett við rætur Akrafjalls og í nágrenni við það eru gönguleiðir upp á fjallið, skógræktarsvæði með útivistarstígum, bifhjólaakstursbraut og reiðvegur. Samkvæmt Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 er starfsemin staðsett á skilgreindu skotíþróttasvæði en svæðið er merkt ÍB-325 á skipulagsupprætti. Þá á Akraneskaupstaður jafnframt landspilduna.

Hávaði er óhjákvæmilegur við starfsemi skotæfingasvæða en þær mótvægisáðgerðir sem settar voru fram í skilyrðum fyrri leyfis virðast hafa skilað árangri og hafa engar kvartanir borist Heilbrigðiseftirliti Vesturlands vegna starfseminnar sl. tvö ár.

Tillaga að endurnýjuðu starfsleyfi er nú að mestu óbreytt efnislega, fyrir utan ákvæði í lið 2. þar sem taldar eru upp mótvægisáðgerðir sem nú er lokið eða eiga ekki lengur við. Þá er starfsleyfið gefið út til tólf ára.